Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 31


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

76.1
1921.

Útboðs- og almennir skilmálar.
(og eldri skilmálar)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útboðsskilmálar

## fyrir byggingu sprautuhússins við Framnesveg.

---

Bygging sú, sem hér er um að ræða, verður gerð nákvæmlega eftir uppdráttum þeim, sem fram verða lagðir af bæjarverkfræðingnum. Enginn ágreiningur getur orðið útaf því. hvernig húsið skuli gert, þar sem bæjarverkfræðingurinn í hvert skifti hefir fult vald til að ákveða um það, sem kynni að vera ógreinilegt eða ekki fullkomlega tekið fram í samningum eða skilmálum. Húsið stendur á horninu milli Framnesvegar og Bakkagötu, og er sett á lóðina eins og teikningin sýnir.

**Undirstaða:**

Fyrir undirstöðu skal grafa niður á fastan botn, að minsta kosti 1 m., þó ekki dýpra en á fasta klöpp, skyldi svo til haga. Grunninn skal setja á múrfót, svo sem þverskurðaruppdrátturinn sýnir. Þyktin á þessum múrfæti skal vera 25 cm. og breiddin 0,80 m. (sbr. uppdr.). Grunnmúr og undirstaða skulu vera úr steinsteypu 1:4:7 (einn hluti cements, fjórir hlutar sands og sjö hlutar mulnings). Rakaverjandi lag skal setja í grunnmúrinn gegnt steypugólfinu. Lag þetta skal gert úr cementssteinlími 1:1 og vera 2,6 cm. á þykt. Þykt grunnmúrsins skal vera 40 cm. og hæðin yfir götuyfirborð eins og teikningin sýnir.

**Gólf:**

Gólfið skal liggja lítið eitt hærra en grundvöllurinn fyrir utan húsið; það skal gert þannig, að grjót sé lagt lögulega í botninn, svo þykt, að nemi 25 cm.; ofan á þetta lag skal leggja 13 cm. þykt lag af steinsteypu 1:4:7, og þar ofan á 3 cm. þykt slitlag af cementsblöndu 1:2. Þetta lag skal slétta vel.

**Veggir:**

Veggir skulu gerðir úr steinsteypu, 32 cm. á þykt, eins og teikningin sýnir; styrkleiki steypunnar skal vera 1:3:6 (einn hluti cements móti þremur hlutum sands og sex hlutum mulnings). Alt það, sem veggjum er til prýði, svo sem múrbrún, listar kringum hurðir og glugga, skal vera eins og teikningin bendir á, og steypt um leið og veggirnir. — Veggina skal rétta af að utan, eins og gert er undir pússningu, og skal nota til þess cementsblöndu tilsetta vatnsþéttingarefni, »Aquabar«. Styrkleiki cementsblöndunnar skal vera 1:3 (einn hluti cements gegn þremur hlutum sands) og vatnsþéttingarefninu blandað í hana samkvæmt leiðar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9c

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vísi. Veggina að innan skal kústa úr sterku cementsvatni. Járn skal setja í steypuveggi yfir hurðum og gluggum og sömuleiðis í múrbrún.

**Hurðir og gluggar:**

Hurðir og gluggar skulu vera svo sem teikningin bendir á; og hvað hurðunum viðvíkur, skulu þær að öllu leyti eins úr garði gerðar og hurðirnar í syðra húsi aðalbrunastöðvarinnar í Tjarnargötu.

**Þakið:**

Þakið skal vera ásaþak, ásarnir hvíla á þremur sperrum »Polonçeau«-þakstóll og annarhvor ás skal festur í múrinn (gaflinn) með járnakkerum. Að öðru leyti skal þakið eins úr garði gert og þakið yfir syðra húsi aðalbrunastöðvarinnar í Tjarnargötu. Ofaná ásana skal þilja með plægðum borðum, þar ofan á pappi og þá bárujárn nr. 24. Þakrennur skulu liggja á múrbrún og múrast fastar. Þær skulu gerðar úr galvaniseruðu járni nr. 24 og vera 15 cm. breiðar. Niðurfallsrennur ganga gegnum múrbrúnina, ern 10 cm. á vídd og gerðar úr galvaníseruðu járni nr. 24. Þær skulu festar með járnum 7×42 mm., einu á hverjum meter. Veggirnir skulu að innanverðu steyptir upp undir þak, og að utanverðu jafnhátt þakrennu.

**Málning:**

Mála skal alt járn og tré utanhúss þrisvar sinnum, innanhúss tvisvar sinnum.

**Tímafrestur.**

Húsið skal fullgert og afhent innan 1. júlí 1912. Sé verkið eigi afgreitt á tilteknum tíma, skal verktakandi greiða 10 króna sekt fyrir hvern dag, sem umfram er.

Að öðru leyti gilda hinir almennu skilmálar sem fylgja útboðinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Almennir skilmálar.

---

Alt, sem unnið er og af hendi látið, skal vera í nánu sambandi við þá almennu skilmála, lýsingar og aðaluppdrætti, sem fram eru lagðir um leið og verðið er boðið út. Viðvíkjandi hinum einstöku hlutum hússins, svo sem þaki, hurðum, gluggum o. fl., af hverjum uppdrættir ekki eru fyrir hendi þegar útboðið fer fram, getur tilbjóðandi fengið allar upplýsingar hjá byggingarfulltrúa.

Verktakandi skal inna af hendi alt efni og aukavinnu, sem ekki er skýlaust undantekið í hinum framlögðu skjölum.

Verktakandi skal viðurkenna bæinn Reykjavík sem verkeiganda og byggingarfulltrúa bæjarins sem byggingarstjórn bæjarins.

Alt það, sem unnið er og af hendi látið, skal vera laglegt, að öllu leyti traust og úr því efni, sem talist getur góð verzlunarvara eða byggingarfulltrúinn telur hæft.

Byggingarstjórn skal, á hvaða tíma sem er, hafa frjálsan aðgang að vinnustaðnum og verkstæðum, og getur krafist allra þeirra upplýsinga, sem hún þarf til að geta dæmt um verkið.

Byggingarstjórnin dæmir um verkið er því er lokið og verði það eða nokkur hluti þess talið ófullnægjandi, skal því tafarlaust breytt og annað verk, er fullnægir hinum settu skilyrðum, gert í þess stað.

Verktakandi skal fara nákvæmlega eftir þeim tilvísunum byggingarstjórnarinnar, er miða að hagfeldri framkvæmd verksins.

Eftir að tilboð er afhent, verður eigi tekið tillit til misgánings eða misskilnings á uppdráttunum eða lýsingunni. Sé ósamkvæmni milli uppdráttanna og lýsingarinnar o. s. frv., getur byggingarfulltrúinn krafist þess, að verkið verði framkvæmt á þann hátt, sem hagfeldast er fyrir fyrirtækið.

Byggingarstjórnin ákveður aðallínur og aðalhæðarmál, en allar afmarkanir sér verktakandi um upp á eigin ábyrgð.

Alt það verk, sem verktakandi hefir lokið, stendur fyrir hans reikningi og í hans ábyrgð og skal hann skyldur að halda því við sem lokið er, þangað til afhending alls verksins hefir farið fram.

Verktakandi ber alt það tjón, er hljótast kann af óhöppum, og ábyrgist að öllu leyti styrkleika og þol smíðapalla og áhalda þeirra, er hann notar.

Tímatakmörkin eru tiltekin í útboðsskilmálunum; svo mikið vinnulið skal haft við verkið, að líkindi séu til, að því verði lokið á hinum ákveðnu tímum.

Verktakandi getur fengið vikulega borgun fyrir alt að $^2/_3$ af því verki, sem lokið er, eftir mati byggingarfulltrúa.

Þegar afhending verksins hefir farið fram og byggingarstjórnin hefir dæmt það fullnægjandi, verður það, sem eftir er af hinni umsömdu upphæð, borgað.

Sendi margir sama tilboð, bindur það þá einn fyrir alla og alla fyrir einn, en verði þess krafist, skulu þeir velja einn úr hópnum til þess að standa fyrir vinnunni og valið skal samþykt af byggingarfulltrúanum.

Verkeigandi getur valið eitt af þeim tilboðum, sem fram koma, eða hafnað þeim öllum, ef honum sýnist svo.

Tilbjóðendur eru skyldir að standa við tilboð sín þangað til 10 marz þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Almennir skilmálar.

Alt, sem unnið er og af hendi látið, skal vera í nánu samræmi við þá almennu skilmála, lýsingar og aðaluppdrætti, sem fram eru lagðir um leið og verkið er boðið út. Viðvíkjandi hinum einstöku hlutum hússins, svo sem stigum, hurðum, gluggum o.fl., að hverjum (og hverjum uppdrætti ekki eru fyrir hendi þegar útboðið fer fram, getur tilbjóðandi fengið allar upplýsingar hjá byggingarfulltrúa.

Verktakandi skal inna af hendi alt efni og aukavinnu, sem ekki er skýlaust undanskilið í hinum framlögðu skjölum.

Verktakandi skal viðurkenna bæinn Reykjavík sem verkeiganda og byggingarfulltrúa bæjarins sem byggingarstjóra bæjarins.

Alt það sem unnið er og af hendi látið, skal vera löglegt, að öllu leyti vandað og úr því efni, sem talið verður góð verzlunarvara, eða byggingarfulltrúinn telur hæft.

Byggingarstjóri skal, á hvaða tíma sem er, hafa frjálsan aðgang að vinnustöðvum og verkstæðum og getur krafist allra þeirra upplýsinga sem hann þarf til að geta dæmt um verkið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Byggingarstjórnin dæmir um verkið er því er lokið, og verði það eða nokkur hluti þess talið ófullnægjandi, skal því tafarlaust breytt og annað verk, er fullnægir hinum settu skilyrðum, gert í þess stað.

Verktakandi skal fara nákvæmlega eftir þeim tilvísunum byggingarstjórnarinnar, er miða að hagfeldri framkvæmd verksins.

Eftir að tilboð er afhent, verður eigi tekið tillit til misgánings eða misskilnings á uppdráttunum eða lýsingunni. Sé ósamkvæmni milli uppdráttanna og lýsingarinnar o.s.frv., getur byggingarfulltrúinn krafist þess, að verkið verði framkvæmt á þann hátt, sem hagfeldast er fyrir fyrirtækið.

Byggingarstjórnin ákveður aðalhæðir og aðalmál, en allar afmarkanir sér verktakandi um upp á eigin ábyrgð.

Alt það verk, sem verktakandi hefir lokið, stendur fyrir hans reikning og í hans ábyrgð og skal hann skyldur að halda því við sem lokið er, þangað til afhending alls verksins hefir farið fram.

Verktakandi ber alt það tjón, er hlotist kann af óhöppum, og ábyrgist að öllu leyti styrkleika og þol smíðapalla og áhalda þeirra, er hann notar.

Tímatakmörkin eru tiltekin í útboðsskilmálunum, og svo mikið vinnulið skal haft við verkið, að líkindi séu til að því verði lokið á hinum ákveðnu tímum.

Verktakandi getur fengið vikulega borgun fyrir al

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að 2/3 af því verki, sem lokið er, eftir mati byggingarfulltrúa.
Þegar afhending verksins hefir farið fram og byggingarstjórnin hefir dæmt það fullnægjandi, verður það sem eftir er af hinni umsömdu upphæð borgað.

Sendi margir sama tilboð, bindur það þá einn fyrir alla og alla fyrir einn, en verði þess krafist skulu þeir velji einn úr hópnum til þess að standa fyrir vinnunni og valið skal samþykt af byggingarfulltrúanum.

Verkeigandi getur valið eitt af þeim tilboðum, sem framkoma eða hafnað þeim öllum ef honum sýnist svo.

Tilbjóðendur eru skyldir að standa við tilboð sín þangað til 8. sept. þ. á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ú t b o ð s s k i l m á l a r

## fyrir byggingu aðalbrunastöðvar í Reykjavík.

### I. Teikning bæjarverkfræðings.

Bygging sú sem hér er um að ræða verður gerð nákvæmlega eftir því, sem sýnt er á uppdráttum þeim, sem fram verða lagðir af bæjarverkfræðingnum. Enginn ágreiningur getur orðið út af því hvernig húsið skuli gert, þar sem bæjarverkfræðingurinn í hvert skifti hefir fult vald til að ákveða um það sem kynni að vera ógreinilegt í uppdráttunum eða ekki fullkomlega tekið fram í samningum og skilmálum. Húsið er bygt á lóðartakmörkum að norðan og sunnanverðu með eldvarnarveggjum á þessum hliðum og að öðru sett á lóðina eins og uppdrátturinn sýnir. -

U n d i r s t a ð a. Fyrir undirstöðu skal grafa niður á fastan botn að minsta kosti 1,50 metra á dýpt eða dýpra eftir því sem á stendur þó ekki dýpra en á fasta klöpp ef svoleiðis skyldi til haga. Grynnra má grafa ef góður grundvollur (svo sem sandblandin möl) er fyrir hendi í nægilegri dýpt. Gildir þetta fyrir alla útveggi svo og skilrúmsveggi þá, er gerðir verða úr steinsteypu. Grunnmúrinn skal setja á múrfót svo sem þverskurðaruppdrátturinn sýnir. Breiddin á múrfæti þessum skal vera 1 m. undir norðurhluta byggingarinnar (hinum tvílypta hluta hennar) og 0,70 m. undir suðurhluta hennar (hinum einlypta hluta). Þykktin á þessum múrfótum skal vera 0,50 m. (sbr. teikningu). Styrkleiki steypunnar skal vera 1 - 4 - 7 (einn hluti cements, fjórir hlutar sands og sjö hlutar mulnings). Ofan á þennan fót er grunnurinn steyptur.-

40 cmt. fyrir neðan jarðaryfirborð eða hér um bil 1,10 m. frá skurðbotni skal í grunnmúrinn setja "isolationslag", sem skal gert úr cementblöndu 1 : 2 (einn hluti cements og 2 hlutar sands) og skal lagið vera 2 cmt. á þykt og jafnbreitt múrnum. Grunnmúrinn, sem er úr steinsteypu og styrkleiki 1 : 4 : 7 er 40 cmt. á þykt og svo hár yfir götu, sem teikningin sýnir. Efri brún hans skal liggja á láréttum fleti, sem skal slétta með 3 cmt. þykku "isolationslagi" úr cementsblöndu 1 : 2 -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G ó l f. Í þeim hluta byggingarinnar, sem nota á sem brunastöð og innkeyrsluport, skal gólfið gert úr steinsteypu og skal það liggja í þeirr[i] hæð, sem bæjarverkfræðingurinn ákveður eða vel svo hátt, sem grundvöllurinn fyrir utan húsið þegar búið er að fylla upp jafnhátt Tjarnargötu. Gólfið skal gera þannig, að fyrst skal leggja grjót löguelga í botninn svo þykt að nemi 25 cmt. Þar ofan á mulning unz lagið er 33 cmt. á þykt. Ofan á þetta lag skal leggja 13 cmt. lag af steinsteypu (1 : 2, 5 : 6 , 5) og skal jafna gólfið vel en ekki pússa. Gólfið í þeim hluta byggingarinnar, sem ekki er notaður sem brunastöð skal liggja 52 cmt. hærra en gólfið í innkeyrsluportinu. -

V e g g i r. Veggir skulu gerðir af steinsteypu 32 cmt. á þykt í fyrst[u] hæð og 25 cmt. á þykt í annari hæð eins og teikningin sýnir. Styrkleik[i] steypunnar skal vera 1 : 3, 5 : 5, 5. ) Alt það sem veggjum er til prýðis svo sem múrbrún (gesims), listar undir og kringum glugga svo og hurðir skal vera eins og aðal teikningin bendir á eða sýnt verður á sérstakri teikningu og skal þetta steypt um leið og veggirnir. Veggina skal rétta af eins og gert er undir púsningu og skal nota til þess cementsblöndu tilsetta vatnsþéttingarefni, sem byggingarfulltrúinn gefur upplýsingar um. Þar á eftir skal kústa veggina úr sterku cementsvatni en ekki pússa. Veggina skal einnig rétta af að innan en ekki pússa, nema þá, sem ekki verða þiljaðir. Járn skal setja í steypuveggi yfir hurðum og gluggum, sömuleiðis í múrbrún og yfir innkeyrsluportið samkvæmt teikningu eða tilskipun bæjarverkfræðingsins. -

S k i l r ú m. Í skilrúm þau, sem eru úr tré má nota 4" 4" tré; að nokkrum hluta má þó nota battinga í stoðir og stífur og skilrúmin skal klæða með 1" plægðum borðum beggja vegna. Þau herbergi sem ætluð eru til íbúðar eða til skrifstofu handa bæjarverkfræðingnum skal betrekkja. Alla steypta útveggi skal þilja nema þá, sem tilheyra gangi og sem skal pússa og mála. -

H u r ð i r o g g l u g g a r. Hurðir og glugga skal gera eins og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

teikningin bendir á og samkvæmt sérstökum teikningum, sem bæjarverkfræðingurinn lætur í té.

Þ a k i ð. Yfir norðurhluta byggingarinnar er sperruþak. Sperrurnar skulu vera úr 5". 5" trjám með tvöföldum skammbitum úr plönkum 2,5" 6", er mynda tengur, sem grípa um sperrurnar. Þakið hvílir á þakstól, sem gerður er úr 6" 6" trjám með stoðum undir. Stoðirnar standa í fótstykkjum, er hvíla á bitunum og eru tengdar við þakstólinn með koböndum (stifum). Ofan á sperrurnar skal negla 1" þykk plægð borð og má nota til þess borð þau, sem áður hafa verið notuð í steypumót. Ofan á borðin skal svo negldur pappi og þar ofan á galvaniserað bárujárn Nr. 24. Þakrennurnar skulu liggja ofan á múrbrúninni (gesims) og múrast fastar. Þær skulu gerðar úr galvaniseruðu járni Nr. 24, 15 cmt. á breidd. Niðurfallsrennurnar ganga í gegnum múrbrúnina, eru 10 cmt. á vídd og gerðar úr galvaniseruðu járni Nr. 24. Þær skulu festar með járnum 1/4" 5/4", einu á hverjum meter. Undir þakjárnið skal negla hæfilega breiða blýplötu, sem nær lítið eitt niður í rennurnar og skal svo steypa múrinn heilt upp undir þak að innan og jafnhátt þakrennu að utanverðu.-

Þakið yfir syðri hluta byggingarinnar skal vera ásþak. Ásarnir hvíla á þremur sperrum (Polonceau - þakstóll) og á múrlistum til beggja enda. Annanhvorn ás skal festa með járnakkerum í múrinn (gaflinn). Að öðru leyti sýnir sérstök teikning byggingarlag þaksins á þessum hluta byggingarinnar. -

B i t a r. Allir bitar í húsinu skulu vera hæfilega sterkir samkvæmt byggingarsamþykkt og annarhvor biti skal með járnakkerum festur í steypuveggina. Einn stálbiti skal vera í brunastöðinni, þar sem skilrúm kemur ofan á og enginn veggur er undir, eins og teikningin sýnir. Skal hann vera tvítjejárn NP 40. Milligólf skal leggja í öll bitalög og pappa skal brúka sem stopp. Ofan á bitana skal leggja gólf eins og vanalega og undir bitana skal þilja með plægðum 1" borðum. Þar undir skal ann-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðhvort pússa á rör eða striga og pappaleggja eftir því, sem bæjarverkfræðingurinn ákveður.

M á l n i n g. Mála skal alt tré og járn utanhúss þrisvar sinnum. Einnig skal mála innanhúss þrisvar sinnum, það sem bæjarverkfræðingurinn ákveður, og má gera ráð fyrir að það verði mestur hluti hússins.

T í m a f r e s t u r. Jafnskjótt og samningar eru gerðir skal byrja á verkinu og hraða því svo, að gröptur, undirstaða og grunnmúr sé fullgert innan 30. Sept. þ.á., húsið þakhellt og fullbúið að utan, að undantekinni málningu 10. Nóv. þ.á. sá hluti hússins, sem nota skal til að varðveita brunaáhöld bæjarins (sbr. teikningu) skal fullger svo taka megi í brúk innan 30. Nóv. þ.á. Húsið skal fullgert og afhent innan 1. Jan. 1912 Þó áskilur verkeigandi sér að málningu utanhúss verði frestað til vors, ef illa viðrar, og verður þá þar af leiðandi þeirri upphæð sem utanhússmálningunni nemur haldið eftir unz henni er lokið. Verktakandi greiði 10 kr. sekt fyrir hvern dag, ef verkið ekki er afgreitt á tilteknum dögum.

Að öðru leyti gilda hinir almennu skilmálar, sem fylgja útboðinu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útboðsskilmálar

fyrir byggingu aðal brunastöðvarinnar í Reykjavík
II samkv. teikn. og lýsingu hr. Péturs Ingimundarsonar. —

Bygging sú, sem hér er að ræða, verður gerð eftir því, sem uppdrættirnir sýna. Engin ágreiningur getur orðið út af því, hvernig húsið á að vera gert, þar sem bæjarverkfr. í hvert skifti hefir fullt vald til að ákveða um það, sem kynni að vera ógreinilegt á uppdráttunum eða ekki skýrt tekið fram í lýsingunni og útboðsskilmálunum. Stærð hússins er 20×15 áln. að utanmáli og útbygging við götuhlið að stærð 5×2½ áln. Húsið stendur við Tjarnarg. á þeirri lóð, sem bæjarstj. Rvk. hefir ákveðið.

**Undirstaða.** Fyrir undirstöðu allra útveggja og innveggja skal grafa niður á fastan grundvöll. Hússtæðið skal þekja með lokræsum er hafa nægan halla, svo að jarðvatn hafi óhindraða framrás. Grunnmúrinn skal setja á múrfót, er sé 3 fet á breidd. Þyktin (hæðin) á þessum múrfæti skal vera 20". Styrkleiki steypunnar skal vera 1:4:7 (einn hluti cement, 4 hl. sand og 7 hl. mulnings). Ofan á þenna fót skal grunnmúrinn steyptur. Þykt grunnmúrsins skal vera 15". Grunnmúrinn skal gera svo háan yfir götu sem teikningin sýnir. Gólfið í húsinu niðri skal steypa og skal það vera 6" á þykt; þar af 5" úr steypu 1:4:7 og ofan á 1" þykt slitlag úr cementblöndu 1:2. Lag þetta skal sléttfága. Undir öllu gólfinu skal vera mulningslag, minsta kosti 12" á þykt. —

**Útveggir.** Útveggir skulu vera 12" þykkir á neðri hæð og 10" þykkir á efri hæð úr steypu 1:4:7. Þeir skulu vera cementsléttaðir utan og að innan cementhúðaðir (pússaðir). Rakaverjandi lög úr bræddu asfalti skulu vera í veggjunum samkv. byggingarsamþ. Ennfremur skulu allir útveggir smurðir vandlega með asfalti að innan. — Á norður-hlið skal vera [illegible] samkv. því.

Reykháfar skulu hlaðnir úr Steinasteinum nr. 1 og púsaðir utan og sléttaðir innan.

Bitar skulu í báðum bitalögum [illegible] úr 5"x10" trjám með 24" millibili frá miðju til miðju. Undir neðra bitalag skal koma máttarás úr stáli N.P. 38 og skal máttarás þessi hvíla um miðbik hússins á steypu þeirri, er turninum hvílir á. Þriðji hver bitaendi skal festur í veggina með múrakkerum.

Grind. Í efri hæð hússins skulu innveggir gerðir af bindingi; langskilrúm úr 5"x5" trjám, þverveggir úr 4"x4" trjám með þrefaldri lausholtum fest milli dyra. Sperrur séu [illegible]" og sömuleiðis þakstólar og kraftbönd; ásar séu úr [illegible] trjám; þakstólar (staðir) komi 5 álnir frá útveggjum. Klæða skal utan á sperrur með 5/4" plægðum borðum, þar utan yfir komi pappi og bárujárn nr. 24. Allir bindingsveggir skulu klæddir beggja vegna með 1" þykkum cocolith-plötum, sömuleiðis skal cocolith-klæða alla útveggi efri hæðar. Cocolith-plöturnar skal festa á 2"x2" grind og grindin vandlega fest við veggina á þann hátt, að holur séu boraðar í steypurnar og tappar úr eik þar í reknir, dýfðir í heitt asfalt, en reknir inn. Neðan á [illegible] komi 3/4" þykkar cocolithplötur. Alla útveggi og innveggi og loft efri hæðar skal slétta utan yfir cocolithplöturnar með kalk- og gipspússi.

Gólf skulu vera úr 5/4" borðum á fyrsta og öðru bitalagi. Í bitalögunum skal vera milligólf á listum úr 3/4" borðum, ofan á milligólfin skal ~~leggja~~ steypa 3ja þuml. cementsteypu. Neðra gólfið skal fernisera tvisvar. Gólflistar, loftlistar og gerekti skulu vera í öllum herbergjum efri hæðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>Hurðir</u> skulu vera allar tvegg. tomma þykkar; dyragr. inni 2" þykkar og útidyragrindur 2½" þykkar. Hurðir skulu vera með vönduðum skrám, lömum og handföngum.

<u>Gluggar.</u> Gluggarammar séu úr 2"x2½" listum og karmar 2½" á þykt. Einn gluggi skal vera til að opna í hverju gluggafagi.

<u>Þakkrennur</u> séu 5" víðar og veggrennur 4" víðar úr galvaniseruðu járni nr. 24. Mála skal alt tré utan og innan úr olíufarva, svo og alt járn, tróð, veggi og loft inni skal mála úr límfarva.

<u>Stigar</u> skulu gerðir úr 2" plönkum, handrið, pílárar og stólpar af almennri gerð. Ofnar séu [illegible] og sé verð hvers þeirra Kr. 80.00, einn þeirra (eldavél) á Kr. 45:00.

<u>Turnbyggingin</u> skal vera 45 fet frá gólfi og steypt frá neðri gólfi upp að skammbitum; veggirnir 12" á þykt. Á skammbita skal setja ramma úr trjám 6"x8" er sé boltaður við skammbitana; ofan á þenna ramma skal reisa turnbindinguna og skal hann vera úr 6"x6" trjám. Góðar krossstífur af sömu gildleik skal hafa í öllum <u>hæðum</u> turnsins og alt bundið saman með járnvinklum. Hornstoðir turnsins skal lengja með sterkum járnakkerum við steypuveggi turnsins og gangi akkerin 2 áln. upp á hornstoðir og 3 áln. niður á steypuveggina. Akkerin skal festa við hornstoðirnar með 3/4" járnboltum. Að utan skal klæða turninn með 5/4" plægðum borðum, svo pappa og þaksl. járni; að innan skal á tvo kanta turnsins setja rimla, er nota megi sem stiga. Í turninum skal setja góðan útbúnað til að hala upp slöngurnar með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Grindverk á útbyggingunni og turninum skal vera vel þjett og útbúnaður á þaki og útbyggingu ugglaus fyrir leka. — Útihurðir þær, sem notaðar verða fyrir sjálfri brunastöðinni, skulu vera á hjólum, sem hlaupa á þjettum járnum og ganga hurðir þessar til beggja hliða, eins og teikningin sýnir.

Tímafrestur. Jafnskjótt og samningar eru gerðir, skal byrja á verkinu og hraða því svo að undirstaða og grunnmúr sé steypt fyrir 30. sept. þ.á., húsið þakið og fullgert að utan að undantekinni málningu fyrir 10. novemb. þ.á. Sá hluti hússins, sem notaður er fyrir brunastöð, skal fullger svo taka megi hann í brúk fyrir 30. novemb. þ.á., og hússmíðinni að fullu og öllu lokið og afhent fyrir 1. janúar 1912. Verkeigandi áskilur sér þó, ef illa viðrar, að fresta málningu að utan til vors og verður þá sú upphæð, sem hún nemur, eigi greidd fyr en verkið er af hendi leyst. NB/.

Að öðru leyti gilda hinir almennu skilmálar, sem fylgja útboðinu. —

NB/. Sé verkið ekki afgreitt á tilteknum tíma, greiði verktakandi 10 kr. fyrir hvern dag, sem fram yfir er.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur